

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram eftirfarandi tillögu:

Jafnréttisúttekt á þremur hverfisíþróttafélögum var gerð 2016. Í þeirri úttekt kom fram að jafnréttisstefnur voru ekki nægilega virkar innan þeirra. Í kjölfarið hefur verið unnið með hverfisíþróttafélögum og þau hvött til að standa betur að jafnréttisstarfi. Samkvæmt samningum sem gerðir eru fyrir hönd borgarinnar við íþróttafélögin eiga Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþróttafélögin í Reykjavík að sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Ofbeldisvarnarnefnd telur mikilvægt að taka upp þráðinn aftur og felur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gera úttekt á jafnréttismálum innan þriggja hverfisíþróttafélaga í Reykjavík. Meðal þess sem kannað verði er hvort þau séu með virkar jafnréttisáætlanir og siðareglur, kynjahlutfall iðkenda og hvernig fjármagn félagsins skiptist á milli kynjanna. Jafnframt verði skoðuð þátttaka þeirra hópa sem mannréttindastefnan nær til í starfi félaganna. Skoðað verði hversu aðgengilegar jafnréttisáætlanirnar séu og hvernig eða hvort þær eru kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum og foreldrum iðkenda í yngri aldurshópum.

Mannréttindaskrifstofu er falið að útfæra nánar úttektina og velja félögin með slembiúrtaki. Úttektin taki til annarra íþróttafélaga en voru skoðuð 2016.